



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundarboð.

Atvinnumálanefnd.

7. fundur

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðarvegi 6, þriðjudaginn 21. ágúst 2007.

Mættir voru: Pétur Snæbjörnsson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Formaður bauð menn velkomna.

2. Staða skipulagsmála.

Vinna við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins hefur legið niðri í sumar. Tilboð í kostnaðar- og tímaáætlun frá Teiknistofu Arkitekta er væntanlegt á næstunni. Ekki er æskilegt að halda skipulagsvinnunni áfram fyrr en það liggur fyrir.

3. Innheimta á eyrnamerktu fé frá ríkinu til atvinnuuppbyggingar í hreppnum.

Þegar fyrirséð var að rekstri Kísiliðjunnar yrði hætt árið 2004, ákvað ríkisvaldið að leggja 200 milljónir kr. í gegnum Nýsköpunarsjóð, til atvinnuuppbyggingar í hreppnum. 110 milljónir kr. voru lagðar fram sem hlutafé í fyrirtækinu Grænum lausnum. Atvinnumálanefnd skorar á sveitarstjórn að spyrjast fyrir um hvað af afgangnum varð þ.e. 90. milljónum kr. Þá bendir nefndin sveitarstjórn á að þegar Kísiliðjan var seld átti að nýta söluandvirðið til styrkingar atvinnulífs á sæðinu. 20 milljónum kr. af því fé var varið til kaupa á hlut í Baðfélaginu. Ríkisvaldið seldi þann hlut í sumar með hagnaði og telur Atvinnumálanefnd að eðlilegt sé að það fé verði aftur lagt til eflingar atvinnulífs í sveitarfélaginu. Nefndin lýsir sig reiðubúna til aðstoðar í málinu.

4. Önnur mál.

Ekkert bókað.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Pétur Snæbjörnsson.
Eyrún Björnsdóttir
Birgir Steingrímsson.

